



Í nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um fjarskipti kemur fram að Íslendingar greiða enn lægstu gjöldin fyrir heimilissíma ef miðað er við kaupgetu, eða um þriðjung af því sem í símnotendur greiða í dýrustu OECD-ríkjunum. Er þá miðað við meðalnotkun þegar hringt er innanlands, milli landa og í farsíma.

OECD Composite Basket of residential telephone charges, August 2004




Þá kemur fram í OECD-skýrslunni að gjöld fyrir farsímaþjónustu eru hvað lægst hér á landi. Ef miðað er við þá sem nota farsímamann lítið eru Íslendingar að greiða þriðju lægstu gjöldin. Þeir Íslendingar sem nota farsímamann mest eru hins vegar að greiða hærri gjöld en farsímanotendur almennt í öðrum norrænum ríkjum.

OECD Basket of high user mobile telephone charges, August 2004




Samanborið við önnur OECD-ríki eru gjöld fyrir utanlandssímtöl hér á landi undir meðallagi, en þó dýrari en í flestum grannríkjunum. Ræður þar mestu landfræðilega lega landsins.

Alþjóðleg Símtöl



Í skýrslunni kemur einnig fram að útgjöld íslenskra fyrirtækja vegna talsímabjónustu eru langlægst eða um helmingi lægri en að jafnaði í OECD-ríkjunum. Íslensk fjarskiptafyrirtæki greiða jafnframt lægsta verð fyrir leigulínur til að selja ýmsa virðisaukandi fjarskiptabjónustu – og eru útgjöld þeirra 70% lægri en að jafnaði í öðrum OECD-löndunum.

OECD Composite Basket of business telephone charges, Excluding VAT, August 2004



Samkvæmt skýrslu OECD hafa útgjöld vegna fjarskiptabjónustu lækkað jafnt og þétt í aðildarríkjunum á síðusta áratug eða að jafnaði um tíu af hundraði fyrir almenna notendur og fimmtung hjá fyrirtækjum. Ræður þar mestu að mörg símafyrirtæki hafa brugðist við nýrri talsímabjónustu á Netinu með því að bjóða sama verð fyrir

innanlandssímtöl og millilandasímtöl. Þá bjóða stór símafyrirtæki sem áður voru í opinberri eigu nú jafnframt upp á ódýra netsímaþjónustu.

Skýrsla OECD um fjarskipti er gefin út annað hvert ár og byggir að stórum hluta á tölfræðiupplýsingum sem evrópskar eftirlitsstofnanir hafa tekið saman og úr könnunum breska greiningarfyrirtækis Teligen.

Sjá skýrsluna í heild sinni (krækja á [pdf-skjal](#))

<http://213.253.134.29/oecd/pdfs/browseit/9305011E.PDF>